

Keramikdeild MÍR x MÓTAÐAR TENGINGAR

Tíu nemendur keramikdeildar Myndlistaskólans í Reykjavík sýna í gluggum Gallerí Fold verk sem þær hafa unnið út frá þema Hönnunarmars 'tengingar'. Tengingarnar eru af ýmsu tagi, bæði bókstafleg samskeyti og samsetningar og óáþreifanleg tengsl. Með leir sem efnivið skoða þær hvernig við getum tengst fólkinu okkar í gegnum mat og sorgarferlinu í gegnum handverk. Þær setja sig í spor náttúrunnar, efniviðarins, dýranna sinna, forfeðra, eigin sjálfs og líta í allar áttir í leit að tengingum.

1. Áróra Bergsdóttir

@arorabergsdottir

Vasar

Postulín

Vasar og flísar steipt í form og síðar handunnin.

Niðurstaða könnunar á mismunandi leiðum til að umbreyta formi vasa, með innblæstri frá mynstrum sem verða til í náttúrunni.

2. Doro Sora

@doro.sora

Jarðarför blekkinga

Urnur fyrir missi, reiði og tá

Postulín/leir, glerungur byggður á íslenskum leir

Verkefnið fylgir hönnun urna frá um 3000 árum aftur í tímann. Það er innblásið af táknrænum gröfum forfeðra minna úr Lúsatísku sólarmenningunni, sem fundust og eru varðveittar á safni í heimabæ mínum, Pabianice (Póllandi).

Í þessari veraldlegu uppsetningu býð ég þér að íhuga þína eigin mynd af sorg, missi, reiði, depurð og öðrum tilfinningum sem kunna að vakna.

3. Edda.D

@edda_list

DOPPA

Póstulín steipt í handgerð gifsmót.

DOPPA er lína af kattarskálum sem er huguð að heilsu katta þinna við hvert skref af hönnunarferlinu.

4. Silja Jónsdóttir

@siljajonsdottir

Samsætur

Glerjaður steinleir

Hugmyndin að skálunum kom upp í tilraunastarfsemi og leik með afgangsfni. Við rennslu leirkera er algengt að skera hluti í tvennt til þess að athuga hvort þykkt veggjanna sé jöfn alla leið. Í stað þess að hnoða leirinn strax aftur leyfði ég afskorningunum að þorna aðeins áður en ég skeytti þá aftur saman á botninum. Niðurstaðan eru form sem minna ef til vill á grænmeti eða annan vöxt og fara einstaklega vel í hendi. Stútarir geta ýmist nýst til að hella úr skálunum eða sem staður til að hvíla amboð.

5. Sigríður Gunnarsdóttir
siggagunnars@simnet.is

Útsaumur

Postulín

Postulínshlutir með eigin útsaumi sem hefur verið þrýst inn í vasa og disk. Hugmyndin tengist bernskuminningum hennar með ömmu og móður þegar þær sátu saman og saumuðu.

6. Guðrún Elísabet Baldursdóttir
@kurokeramik

Diskur á fæti

Postulín

Kökudiskur á fæti sem hægt að taka í sundur og tengja aftur saman.

Tuttuga ára hugmynd orðin að veruleika. Hér er hugmyndin steipt úr lituðu postulíni.

7. Inga Rósa Guðmundsdóttir
@skrud.is

Skrúð

Postulín

Fjölnota skúlptúr úr postulíni/steinleir. Fjórar steiptar einingar sem tengjast og mynda vasa og kertastjaka — með möguleika á að stækka vasann með viðbót eftir þörfum.

8. Mariia Inozemtseva
@egelska_is

Ljós, minni og tenging

Skógarminningar

Ljósverk úr postulín

Innblásin af náttúrulegu landslagi og fíngerðum breytingum ljóss. Verkin kanna andrúmsloft, minni og persónulega skynjun á rými.

9. Barbara Nyakinyua
@nyakinyuadesigns

Meðvituð kyrrð og þögn

Leir

Innsetningin, innblásin af gönguferðum meðfram strönd Seltjarnarness, er myндуð af kyrrlátri athugun og innri hlustun. Hengdu leirperlurnar gefa til kynna takt bænar, hugleiðslu, hlés og öndunar. Í gegnum leirinn er þetta boð um að fylgjast með, gefast upp og vera kyrr. Stærri kúlurnar festa verkið í sessi. Þær eru tákn um ætterni hennar, forfeður hennar. Kraft sem heldur, varir og styður. Ílátin, mótuð eins og kort af göngusvæðinu, eru eins konar slepping stjórn. Ástand losunar. Þögn hugleiðsla, innblásin af rósakransi / bænaperlum.

10. Mari

@mari_inthemud

Andsæð ástand líkama og hugar

Flísauppsetning

Postulín, villtur islenskur leir, undirglerungar og glerungar

Sjónræn rannsókn á mismunandi ástandi tengsla og boð um að upplifa jarðtengingu.